# Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Nám og kennsla**

- Leikskólaganga barna geti hafist við 12 mán. Aldur
- Samþætting tómstunda og skólastarfs
- Útinám
- Fjölbreytileg ,,tæki" við skil á verkefnum
- Skoða kennslu á öðru móðurmáli en íslensku
- Koma inn hæfni (hugtak í námi og kennslu)
- Læra í gegnum leik
- Leggja meiri áherslu á verkmenntun
- Meiri sundkennslu á Suðureyri
- Bækur á (öllum) móðurmálum nemenda
- Útinám að minnstu 20% af öllum fögum
- Nám í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu – meiri starfskynningar og byrja þær fyrr. Meta vinnu til valeininga og fá fyrirtæki í heimsóknir með kynningu.
- Einstaklingsmiðað nám í bæði leik- og grunnskólum – passa að gleyma ekki þeim sem eru lengra komnir.
- Skýr markmið þannig að nemendur skilji þau – verkefni séu tengd markmið og sjálfsmat nemenda séu tengd markmiðunum.
- Náttúruleg leiksvæði og mikið kennt og leikið út fyrir – aðlaga leiksvæði smá saman.
- Það þarf að tala um leiki í skólastefnu, nám í gegnum leik, leikur er helsta þroskaleið barnsins. Hvetja til að nemendur læri í gegnum leik og hafi tækifæri til þess alla skólagönguna – Fræðsla til alls starfsfólks (ekki síður grunnskóla- og tónlistarkennara) um leikinn og hvernig má nota hann í fjölbreyttri og markvissri kennslu.
- Samvinna milli starfsfólks, samkennsla – Kenna hvernig er hægt að samkenna.
- Frjáls leikur bæði í leik- og grunnskóla – gefa tíma í stundaskrá til að leika frjálst og melta efnivið.
- Krakkar fái sjálf að velja hvaða fög þau vilja læra, ekki drepa forvitnina – auka valfög ekki bara valfög fyrir skapandi greinar heldur fyrir allt.
- Engar einkunnir fyrir nemendur, mögulega nafnlausar kannanir til að kanna hvernig kennslan er að virka – Hætta hræða krakka með einkunnum og stressi og hjálpa þeim að læra með forvitni. Einkunn staðið/ fallið, aðallega umsögn sem er uppbyggileg. Nafnlausar kannanir geta verið vísbending um hvernig kennslan gengur.

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, lítil töflukennsla, lítið um einstaklingsverkefni, skapandi lærdómur í öllum fögum – Námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum og aðstoð við að nota fjölbreyttar aðferðir inni í tímum.
- Aukin samþætting námsgreina og heildstæð verkefni sem endurspegla raunveruleg viðhorf lífsins – Teymiskennsla, auka samstarf milli kennara og fræðsla til kennara..
- ,,Frumtogahæfni" – hópastarf þar sem þau æfa sig í að stjórna vinnunni og leiða samskipti og skapandi lausnir í hópavinnunni, kynna verkefni, NVS, leiklist, enginn hefur rangt fyrir sér.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Umhverfi og skipulag**

- hænur, ræktun grænmetis, sjálfbærni og moltugerð
- Skólalóðir miði að aukinni hreyfingu barnanna
- Fjölga bókum á fleiri tungumálum en íslensku
- Alls ekki seinka skóladeginum
- Leiðsögn  um líkamsbeitingu
- Vangaveltu um klukkuna, hvenær byrjar skólinn
- 5 ára börn fría 4 tíma í leikskóla
- Ath á 18 (12) mánaða markmiðið heima í inngangskafla?
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir
- Bæta öryggi barna í og við leik- og grunnskóla (Suðureyri), gangstétt, girðing og lækka bryggju við tjörnina, fleiri græn svæði við grunnskóla.
- Leikskólapláss að loknu fæðingarorlofi
- Fleiri tæki á skólalóð (GS) og upphitað gras á sparkvelli
- Girða skólalóð GS, sérstaklega vegna tjarnarinnar
- Umhverfisfræðsla
- Rusl, fræðsla hvar ruslið endar, flokkun og moltugerð
- Auka bókakost með tilliti til fjölmenningar
- Bæta vinnuaðstöðu kennara í mörgum skólum
- Læra að molta og taka þátt í því – búa til moltukassa og leyfa krökkunum að vera með að setja í þá og fylgjast með þróuninni.
- Umhverfismál tvinnuð í öll fög – prufubekkur sem væri með aðstoð við að koma umhverfismálum inn í öll fög. Lærdómur frá þeirri reynslu notaður til að taka umhverfismál inn í öll fög hjá öllum bekkjum.

- Samskiptastefna – hugsa frímínútur upp á nýtt, erfiðar fyrir marga.
- Ungbarnaleikskóli, uppfæra og aðlaga húsnæði að starfsemi skólanna að þeim yngstu sem nú eru að komast á leikskólann – Byggja við leikskólann og fjölga starfsmönnum.
- Umhverfismál, hvað getur þú gert sjálfur – Finna góðan kennara fyrir umhverfismál sem er að gera allt sjálfur og getur sýnt þeim á áhrifaríkan hátt að þetta sér gerlegt og gaman.
- Lagður metnaður í að aðbúnaður starfsfólks sé góður.
- Samvinna nemenda í frímínútum.
- Skólalóð sem ýtir undir hreyfingu s.s. skólahreystibraut, klifurveggur og trambólín – Hafa samráð við fagfólk með hönnun lóðar s.s. íþróttakennara, iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Hollusta og hreyfing**

- Fjölbreyttari íþróttir s.s tennis, frjálsar, golf og fl.
- Heimilisfræði, leggja áherslu á að kenna holla matargerð
- Mikilvægt að leggja áherslu á útivist
- Hollt og gott nesti
- Skólamatur þarf að vera hollur
- Inniaðstaða til hreyfingar í sameiginlegum rýmum (gæti verið í umhverfi og skipulag) – Setja upp æfingatæki í sameiginlegum rýmum t.d. klifurtæki, lyftingastangir og kaðla.
- Áhersla á andlegt og líkamlegt heilbrigði – byggja upp sjálfsmynd, kenna tilfinningastjórnun, hugræn líkamsrækt sé skipulögð til jafns við líkamlega.
- Betri eftirfylgni með því sem er í núverandi stefnu.
- Meiri hreyfingu á mið og unglingastigi, fastir hreyfitímar í leikskólum – tengja betur saman hefðbundið nám og hreyfingu.
- Hollari matur, næringarríkari matur og hreinni fæða – gerast heilsueflandi grunnskóli.
- Iðjuþjálfi inn í skólana.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Virðing og lýðræði**

- Leggja áherslu á lýðræði í skólastarfi.
- Leggja áherslu á að nýta styrkleika svæðisins og sérkenni.
- Tillaga að breytingu á kaflaheitum: Virðing og jafnrétti og lýðræði og borgaravitund
- Borgaravitund: Eru áhrif foreldra tryggð?
- Fjölmenning, hvernig ætlum við að vinna með hana

- Banalýðræði, börnin ættu að fá að kjósa um flest allt – Börnin ákveða sjálf uppsetningu kennslustofu og hvernig þau vilja haga námsumhverfinu, leggi til hugmyndir og kjósa. Börnin kjósa um stærri mál líka á barnaþingi.
- Hlustað markvisst á raddir foreldra og þeir hvattir til að tjá sig á markvissan hátt – Halda regluleg málþing þar sem foreldrar taka þátt ásamt börnum sínum.
- Borin virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins – Markviss fræðsla um fjölbreytileika.
- Siðferði ofbeldi – Ekkert ofbeldi liðið.
- Gagnrýnin hugsun, lausnar hugsun, heimspeki og hvetjandi námsumhverfi – Nýta kennslustundir til umræðu í líðandi stundu.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Samstarf og samvinna**

- Samnýting fagmanna milli skóla.
- Samgöngur (rútan) samstarf milli skóla t.d val á Ísafirði. Ferð frá Flateyri kl. 12.30
- Aukið aðgengi aðstandenda (foreldra) að stöðu barnsins í skólanum.
- Nýta enn betur gott aðgengi að náttúru, stofnunum og fyrirtækjum
- Vantar börn (Þingeyri)
- Fjölbreyttari tómstundir á minni stöðunum eða samgöngur
- Samvinna milli skóla, ekki bara stiga innan grunnskóla, leikskóla – grunnskóla – menntaskóla
- Setja í inngang: skerpa á samstarfi við heimili.
- Áhrif skóla í samfélagi og samfélags á skóla
- Samvinna þarf að vera milli skóla og skólastiga
- Sjálfsöryggi – Finna mismunandi aðferðir til að efla sjálfsöryggi, sjálfsöryggi hefur stór áhrif á vellíðan barna og fullorðinna. Ekki hættulegt að gera mistök. Æfa leiðtogahlutverk. Leiklist. NVC umhyggjurík samskipti.
- Samskipt – kenna samskipti.
- Efla áhuga á foreldrafélagi – skemmtilegir fundir.
- Samvinna – Hætta að etja krökkunum saman og á móti hvert öðru í keppni, sleppa einkunnum. Hópavinna sem byggir á samvinnu. Viðurkenna að allir séu góðir í einhverju.
- Íbúar bæjarins hvattir til að taka þátt í skólastarfi – Lestrar afar og lestrar ömmur, heimsóknir í skólana til að segja frá sinni reynslu. Sjálfboðavinna í skólanum.
- Umhyggjurík samskipti (NCV) – Námskeið fyrir kennara og kúrsar fyrir nemendur á öllum aldri. Kennarar aðstoði nemendur við að nota aðferðina við að tjá sig alltaf.

- Samræming starfsdaga milli skólastiga – Þegar farið er að gera það að einhverju leiti en mætti gera meira. Hálfir starfsdagar góðir.
- Sakna upphafsfunda á haustin, tengir saman foreldra og kennara – endurvekja foreldrafundi á haustin.
- Meira samstarf milli GÍ (grunnskóla) og MÍ – er komið í vinnslu en þarf að fylgja því betur eftir.
- Samskipti, tölvupóstar og facebook þurfa að tala saman – Facebook má ekki vera eina upplýsingaleiðin.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Fagmennska og fagþróun**

- Efla stærðfræðikennslu á svæðinu
- Samnýta fagþekkingu og mannauð
- Leggja skal metnað að sem flestir starfsmenn skólanna séu menntaðir á sínu sviði og hvattir til og geti sótt sér menntun.
- Bæta tækifæri til símenntunar, nýta tæknina betur sem dæmi námskeið í gegnum fjarfundabúnað.
- Starfsmenn hafi að minnsta kosti tækifæri til að sækja eitt námskeið utan sveitarfélagsins
- Átak í að fjölga menntuðu starfsfólkifólki á öllum skólastigum og styðja við starfsmenn í námi og skólana sjálfa þar sem starfsfólk er í námi.
- Virkur stuðningur við símenntun starfsfólks – Greiða starfsmönnum vegna fjarveru vegna náms og auðvelda aðgengi að námskeiðum annarsstaðar með fjarfundabúnaði.
- Skapa tækifæri til að starfsfólk geti lært hvert af öðru og átt í gefandi samstarfi eða uppbyggingu – auka teymiskennslu, svigrúm í starfsmannahaldi.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Upplýsingatækni**

- Passa upp á grunnþekkingu í t.d excel, word og fl
- Styttri námskeið nýta SKYPE.
- Upplýsingatækin sé skapandi og hvetjandi leið að margvíslegum verkefnum
- Breyta kaflaheitinu í upplýsingatækni og sköpun
- Upplýsingatækni er hröð, þurfum að vera framsækin og í takt við þróun til framtíðar

- 70% barna í dag sem eru að hefja grunnskólagöngu koma til með að vinna störf sem ekki eru til í dag.
- Sköpun, samþætting námsgreina, þemavinna þvert á greinar, verkefnastjórnun og samvinna, meiri sveigjanleiki þar sem hentar hverjum fyrir sig – teymisvinna utan um fög, meiri samþætting.
- Leiklist og söngur – nota í tungumálakennslu og nýbúafræðslu. Kennt á öllum skólastigum, öllum árgöngum.
- Skólablað, skrifað, hannað og rekið af nemendum – Sér deild innan skólans eða í öðru húsnæði. Þar sem nemendur geta tekið þátt í öllu ferlinu jafnvel í samstarfi við fyrirtæki. Þetta getur líka verið tónlistarmyndbönd, kvikmynd um skólann og nemendur og skólaárið einskonar fréttastöð eða útvarp, vefsíða.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Hlutverk foreldra**

- Tímaleysi foreldra vegna heimalesturs, hvað er til ráða?
- Heimsóknir foreldrar, hvernig er hægt að virkja foreldra, heimsóknir? – Fleiri opnir dagar með afmörkuðum verkefnum.  Kynning og sýningar. Auðvelda aðgengi samskiptaforms milli kennara og foreldra. Fleiri foreldraviðtöl og foreldrafundi.

## Skólastefna Ísafjarðarbæjar

**Annað**

- Lífsgleði, núvitund, forritun að læra hönnun, leiklist og sköpun – Hafa opnar vinnustofur í frímínútum í smíði, handmennt og myndmennt.
- Skilningur á því hversu fólk er ólíkt, fordómaleysi. Stefna og markmið um fjölmenningu – gera tungumálum hærra undir höfði en núna og meira jafnrétti sem hluta af skólastefnu.
- Sköpun og upplýsingamennt er hluti af öllu námi og kennslu.
- Agastjórnun inni í bekkjum, v.s. agavandamál  í samfélaginu.